



Bréfa- og málasafn 1954

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Bréf – Svarbréf –
Reikningar – Sameignarfélagið Faxi

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-17, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Vörður

SJÁLFASTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: SJÁLFASTÆÐISHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

Reykjavík, 13. janúar 1954.

Kæri Varðarfélagi !

Nýtt starfsár er nú hafið. Fyrsti áfangi þess eru bæjarstjórnarkosningarnar. Í alþingiskosningunum á síðastliðnu ári vann Sjálfstæðisflokkurinn glæsilegan sigur, og síðan hefur fylgi hans vaxið og imbra skírulag flokksins verið treyst. Sigurvegir flokksins við í höndfarandi bæjarstjórnarkosningar eru því á rökum reistar, en hitt er þó ljóst, að til þess að Sjálfstæðisflokkurinn sé öruggur um að halda meirihluta í bæjarstjórn Reykjavíkur, verður hann enn að efla fylgi sitt. Til þess þarf röklegt átak, þar sem allir flokksmenn leggja hönd á plóginn. Við treystum því, að meðlimir Varðar liggja þar ekki á liði sínu, heldur herði róðurinn til þess að sigur flokksins verði sem mestur og að tryggð verði stjórn Sjálfstæðismanna í höfuðborginni næsta kjörtímabil.

Sjálfstæðismönnum á að vera auðvelt að afla fylgis samborgara sinna til stuðnings við stefnu flokksins í þessum kosningum, svo augljóslega sem góð afkoma bæjarfélagsins og myndarlegar framkvæmdir staðfesta trausta og framsýna stjórn Sjálfstæðismanna á Reykjavíkurbæ. Á hinu bóginn ætti og forðamið um misheppnaða sambærðslu flokka við stjórn annarra bæjarfélaga og þeir örðugleikar, sem skortur á meirihlutaflakki á þingi hafa oft leitt til, að vera öllum góðum Reykvíkingum til varnaðar og hvetja þá til þess að kalla ekki slíka ógæfu yfir sitt bæjarfélag.

Það er því ósk stjórnar Varðar, að félagsmenn hefji nú þegar ötula baráttu fyrir sigri Sjálfstæðisflokksins við bæjarstjórnarkosningarnar 31. janúar. Þar getur hver félagi unnið í sínum verkahring, á vinnustað eða í því bæjarhverfi, sem hann býr. Allir þeir, sem auk þess vilja vinna einhver sjálfboðastörf á kjördegi, eru beðnir að snúa sér til skrifstofu flokksins í Sjálfstæðishúsinu og láta þar skrá sig.

Varðarfélagið og hin Sjálfstæðisfélögin munu fyrir kosningarnar gangast fyrir ymsum fundum og skemmtisamkomum, sem félagsmenn eru hvattir til að sækja sem bezt og að taka þangað með sér kunningja sína og vini. Þessar samkomur hafa nú þegar verið ákveðnar:

Spilakvöld: verður haldið föstudaginn 15. jan. kl. 8 1/2. Verður snilað bæði í Sjálfstæðishúsinu og að Hotel Borg. Aðgangur verður ókeypis. Spiluð verður félagsvist og mjög

til vinninganna vandað. Kvennaverðlaunin verða tvær þvottavélar og karlaverðlaun tveir 500 krónu vinningar. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður dansað á báðum stöðunum. Nokkrar stuttar ávarpsræður verða fluttar á samkomunum.

Kvöldvaka: verður haldin í Sjálfstæðishúsinu sunnudaginn 24. jan. Verður mjög til skemmtiatriða vandað og aðgangseyri stillt í hóf.

Fundur: Vörður og hin Sjálfstæðisfélögin munu sameiginlega boða til tveggja almennra funda fyrir kosningarnar. Verða þeir fimmtudaginn 21. jan. og föstudaginn 29. jan. Á fundunum munu frambjóðendur flokksins við bæjarstjórnarkosningarnar tala, og er afar áriðandi, að Sjálfstæðisfólk sækir fundina sem best, svo að fundirnir beri sviðmót af styrk flokksins og baráttuvilja flokksmanna.

Vetrarstarfið: Eftir kosningar mun Varðarfélagið ekkert hlé gera á starfi sínu, heldur halda því áfram af fullum krafti. Almennir fundir munu verða haldnir mánaðarlega, og fræðslufundir, er hófust á síðasta starfsári, verða teknir upp að nýju og haldnir mánaðarlega. Þá mun félagið framvegis ásamt hinum Sjálfstæðisfélögum gangast fyrir einu spilakvöldi í mánuði og halda kvöldvökur við og við. Einnig er í ráði að halda e.t.v. nokkrar ódyrar og góðar barnaskemmtanir á vetrinum.

Öflun nýrra félaga: Á síðast liðnu ári bættust á sjötta hundrað nýir meðlimir í félagið, og hafa margir þeirra nú þegar lagt flokknum til gott starf. Nauðsynlegt er að vinna enn að því að fá sem flesta Sjálfstæðiskjösendur til þess að ganga í Varðarfélagið og á þann hátt að styrkja flokksstarfsemina í bænum. Það er því beiðni okkar, að þér fáið sem flesta kunningja yðar og annað Sjálfstæðisfólk til þess að ganga í Vörð, og í þeim tilgangi leyfum við okkur að senda yður hjálagað eyðublað, er þeir, sem oska að ganga í Varðarfélagið, eru beðnir að rita nöfn sín á og endursenda svo blaðið til skrifstofu félagsins í Sjálfstæðishúsinu.

Að lokum, góði félagi, - hefjum nú öll strax kosningabaráttuna og tryggjum Sjálfstæðisflokknum glæsilegan sigur í kosningunum og Reykjavík trausta og góða stjórn.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar

Landsmálafélagsins Varðar,

Birgirkjarn

A F R I T

Með því að þinglýsingarkostnaður hefur verið greiddur af tryggingarbréfi útg. 15.nóv. 1949 fyrir \$ 650.000,-, þer að taka þinglýsingargjald af veðskuldabréfi þessu aðeins af andvirði \$ 27.968,89.

28. apríl 1954

F.h.r.

Sigtr. Klemenzson/sign/

V e ð s k u l d a b r é f

Sameignarfélagið Faxi, Reykjavík, viðurkennir hér með að vera orðið skuldugt ríkissjóði Íslands um \$677.968,89 - sex hundruð sjötíu og sjö þúsund níu hundruð sextíu og átta 89/100 U.S.A. dollara -, sem það lofar að greiða að fullu á næstu 26 árum, þannig að lánið sé afborgunarlaust fyrstu tvö árin, en síðan greiðast vextir og afborganir með jöfnum annuitetsgreiðslum á 24 árum, tvisvar á ári, þar til lánið er að fullu greitt.

Gjalddagar skulu vera 31. maí og 30. nóv. ár hvert. Ársvextir eru 2,5% - tveir og hálfur af hundraði - og reiknast frá 30. júní 1952. Loфар félagið að greiða áfallna vexti samkvæmt því hinn 31. maí 1954, en þeir nema \$ 32.468,32 eða kr. 529.882,98.

Eftir það greiðast vextir misserislega á ofanskráðum gjalddögum, en 31. maí 1956 fari fram fyrsta annuitetsgreiðsla, \$ 18.868,38 eða kr. 307.931,96 og síðan 30. nóv. og 31. maí ár hvert, í síðasta skipti 30. nóv. 1979.

Vexti og árgjöld samkvæmt framanskráðu skal greiða í Framkvæmdabanka Íslands í íslenskum krónum eftir sölugengi bankanna á U.S.A. dollar eins og það er á gjalddaga.

Til tryggingar \$ 650.000 - sex hundruð og fimmtíu þúsund U.S.A. dollurum - af láni þessu hefur sameignarfélagið Faxi veðsett ríkissjóði eignir sínar á Grandagarði, Reykjavík, með fyrsta veðrétti, samkvæmt tryggingarbréfi útg. 14. nóvember 1949.

Til tryggingar því, sem eftir er af láninu, \$ 27.968,89, veðsetur félagið ríkissjóði með þriðja veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir 2. veðrettar skuld við Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 5.000.000,- fimm milljónir króna - skv. veðbréfi dags. 31/3'49, fasteignir þess, síldarverk-smiðju á Grandagarði, ásamt öllu, sem hennir tilheyrir, þar með taldar vél-ar allar og áhöld, geymar og öll önnur mannvirki, ásamt lóðarréttindum.

Eignir þessar eru veðsettar með váttryggingarfjárhæðum, í því ástandi, sem þær nu eru og síðar kunna að verða, með endurbótum og viðaukum.

Lánsfé þetta er hluti af láni, er ríkisstjórnin hefur tekið í Banda-ríkjunum til viðreisnar ísl. atvinnurekstri (svonefndu-Marshall-láni), og svo er um samið á milli stjórnar s.f. Faxes og ríkisstjórnarinnar, að fari svo, að ríkisstjórnin þurfi ekki að endurgreiða Marshall - lánið, þá beri s.f. Faxe að endurgreiða lán þetta með því gengi á U.S.A. dollurum, sem verða kann á gjalddögum, en þó ekki herra gengi en var, er ríkisstjórnin tók sitt lán, í ágúst 1948. Komi til endurgreiðslu ríkisstjórnarinnar á einhverjum hluta Marshall-lánsins, gilda framangreind ákvæði um gengi á U.S.A. dollurum, hlutfallslega, miðað við lánsfjárhæð s.f. Faxe á mótis við allt lánið, er ríkisstjórnin tók á fyrrgreindum tíma, en hámarksákvæðið gildir ekki um þann hundruðshluta lánsins, sem ríkisstjóður verður að endurgreiða.

Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af láninu, ef lögveð fellur á hinar veðsettu eignir eða fjárnám er gert í þeim eða þær verða settar á uppboð, skal heimilt að ganga af veðinu samkvæmt 15. gr. laga nr. 29 1885 eða selja þær samkvæmt 39. gr. laga nr. 95 1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18 1887.

Rísi mál út af veðskuldabréfi þessu, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, samkv. XVII. kafla laga nr. 85 1936.

Reykjavík, 21. apríl 1954.

Stjórn sameignarfélagsins "Faxi"

Vottar:
Einar A. Guðmundsson
Sv. S. Einarsson

Richard Thors Haukur Thors
Jón Axel Pétursson Einar Olgeirsson
Tómas Jónsson

Bjarni: Gætt kr. 1,500.-

+ - 557.-

2,057.-

Skuld

812.50

2,869.50


| | | | |
|--|--|-----|----------------|
| 1. Matur (skv. nótum) | | kr. | 995.- |
| 2. Áfengi og sigarettur (B.B.) | | " | 557.- |
| 3. Líftrygging | | " | 1,200.- |
| 4. Bíll á Almannaskaró | | " | 125.- |
| 5. Bíll að Bjarnarnesi | | " | 200.- |
| 6. Bíll frá Hoffelli | | " | 200.- |
| 7. Kaffi á Kálfafellsstað (og fylgd) | | " | 100.- |
| 8. Jón Biriksson: | | | |
| 16 hestar á 120/- | | kr. | 1,920.- |
| Jón Biriksson, 3 dag. á 120/- ^{80/-} | | " | 240.- |
| Friðrik, 3 dagar á 80/- | | " | 240.- |
| Aukagreiðsla | | " | 300.- |
| | | | <u>2,700.-</u> |
| 9. Þorsteinn á Reynivöllum: Matur, kaffi, bíll | | " | 300.- |
| 10. Kaffi á Kvískerjun | | " | 50.- |
| 11. Breiðamerkursandur: | | | |
| Ari Björnsson (sjálfur 80/- og hestur 30/-) | | kr. | 110.- |
| 14 hestar á 50/- | | " | 700.- |
| Ari Jónsson og Jón Gíslason | | " | 200.- |
| | | | <u>1,010.-</u> |
| 12. Fagurhólmeyri: | | | |
| Matur hjá Jóni Jónssyni | | kr. | 60.- |
| Matur hjá Helga Arasyni | | " | 60.- |
| Bíll að Skafthafelli | | " | 200.- |
| | | | <u>320.-</u> |
| 13. Skafthafell: | | | |
| Foró yfir Skafthafellsá | | kr. | 165.- |
| Jeppi | | " | 20.- |
| 8 hestar á 50/- (Svínafell) | | " | 400.- |
| 7 " " 40/- (Skafthafell) | | " | 280.- |
| Óddur Magnússon | | " | 100.- |
| Guðlaugur á Svínaelli | | " | 100.- |
| Magnús Magnússon | | " | 50.- |
| Aukagreiðsla | | " | 85.- |
| | | | <u>1,200.-</u> |
| 14. Skeiðarársandur: | | | |
| 14 hestar á 40/- | | kr. | 560.- |
| 2 menn á 140/- | | " | 280.- |
| | | | <u>840.-</u> |
| 15. Kaffi og síni á Núpstað | | " | 52.- |
| 16. Síni á Klaustri | | " | 15.- |
| 17. Gisting og matur á Klaustri | | " | 580.- |
| 18. Gisting mfg og matur í Vík | | " | 350.- |
| 19. Laun Ingólfs Guðmundssonar | | " | 316.- |
| 20. Benzín á bíl Jóns Hafstein | | " | 520.- |

Alls kr. 11,428.-

" 50.-

kr. 11,478.-

21. Bændinn á Brunnhóli



FLUGFÉLAG ÍSLANDS H.F.
ICELAND AIRWAYS



ADALSKRIFSTOFUR:
REYKJAVÍKURFLUGVELLI
SÍMI: 6600 - 10 LÍNUR -
SÍMNEFNI: FLUGFÉLAG
PÓSTHÓLF 955

Þú Sigurðsson, Kúshjóni.

Sjá Óla spyr um
umtalenta meðan-
þögu.

| | |
|------------------------------|-------------------|
| Sigurður Ólafsson | Höfn í Hornafirði |
| Þorbjörn Sigurðsson og frá | - - |
| Jón Eiríksson frá Volaseli | - - |
| Gísli Jónsson | - - |
| Friðrik Sigurðsson | Fornustekjum |
| Vignir Jónsson | Höfn í Hornafirði |
| Einar Einarsson frá Hvalnesi | - - |
| Guðni Jónsson | - - |
| Sigurjón Einarsson | Bjarnanesi |
| Helgi Guðmundsson | Hoffelli |
| Sigurjón Einarsson | Brunnhóli |
| Bjarni Gíslason | Kálfafellsstað |
| Þorsteinn Guðmundsson | Reynivöllum |
| Gunnar Vilhjálmsson | Gerði, Suðursveit |
| Ari Björnsson | Kviskerjum |
| Björn Pálsson | -- |
| Ari Jónsson | Fagurhólsmyri |
| Jón Gíslason | Knappavöllum |
| Helgi Arason | Fagurhólsmyri |
| Sigurður Arason | -- |
| Jón Jónsson | -- |
| Óddur Magnússon | Skaftafelli |
| Magnús Magnússon | -- |
| Guðlaugur | Svínafelli |
| Eyjólfur Hannesson | Núpstað |
| Björgvin Stefánsson | Rauðabergi |
| Brandur Stefánsson og frá | Vík í Mýrdal |

WHO'S WHO IN AMERICA

EDITORIAL OFFICES

MARQUIS PUBLICATIONS BUILDING
CHICAGO-11 ILLINOIS U S A

1897 - Our Fifty-Seventh Year of - 1954
Continuous Publication

Dear Biographee:

We are asking you to help us.

You are one of the notable men and women listed in "Who's Who in America". To assist our compilers working on the next Edition, we now again* send you a check proof of the biographical sketch of you published in the last printing, so that ... while there is still time to process it carefully ... you may go over it, note alongside it any new information of general reference interest, and then return it in the accompanying no-postage-required cover.

We'll be glad by way of some tangible reciprocation for your help, to send you the new "Who's Who" at discounts - over 23% - even greater than those we allow libraries and educational institutions on their bookings in advance of publication.


Please return the check proof as soon as you can. Having given us that assistance, to obtain the new Edition at the biographees' discounts described on the enclosed blank, simply sign, or personally okeh, this blank - use of the postage-paid cover for it as well as the checked proof of your sketch is of course quite in order. ("Who's Who" is for professional, vocational or business reference use, of course an expense taxwise.)

Thank you for helping us.

WA/CB

Four Enclosures

Sincerely yours,



Wheeler Sammons, Publisher.

* According to our records the check proof sent you about a month ago was not returned; in case it has been sent back, just ignore this duplicate request for checking.

AFRIT

Rvk. 20 júl. -'54

cand. theol. Sverrir Haraldsson
Hafnarfirði.

Ráðherra Bjarni Benediktsson hefur beðið mig að koma á fræmfæri við þig tilmælum um að gerast áskrifandi að þriðju ljóða-
bók þinni, sem væntanleg er í sumar eða haust.

Beztu kveðjur.

Asgó.

Menntamála-
ráðuneytið

Reykjavík, 21. júlí 1954.

Góði vinur.

Þessar línur eru í framhaldi af bréfi, sem ég sendi þér 26. apríl s.l. viðvíkjandi sendingu tímaritsins "Freeman" o.fl. En þannig er nú ástatt, að ég hef alls ekki, hvorki með venjulegum pósti né frá þér, fengið það rit um 1-2 mánaða skeið, eða eftir að beiðni mín hefði átt að geta haft áhrif.

Enn fremur eru einhverjir vankantar á sendingu blaðapakkans frá þér. Venjulega hef ég fengið hann á miðvikudögum og þá oftast 2-3 daga gamlan, en nú hefur einhver breyting orðið á því og fæ ég þetta oftast meira en viku gamalt.

Bið ég þig vinsamlegast að athuga þetta fyrir mig, ef á þínu færi væri að bæta eitthvað úr þessu.

Ég bið þig svo að skila kveðju til kunningjanna og vona, að þér og þínum líði hið besta.

Bestu kveðjur.

Bj. Ben.
(sign)

Hr. ræðismaður
Hannes Kjartansson,
New York.

Reykjavík, 19. ágúst 1954

Menntamálaráðherra, Bjarni
Benediktsson, og kona hans, þakka
vinsamlegt boð sendiherra Noregs
og konu hans, um að sitja miðdegis-
verðarboð hjá þeim, miðvikudaginn
25. ágúst n.k., en þykir leitt, að
þau geta því miður eigi þegið boðið.

Reykjavík, 28. ágúst 1954

Dómsmálaráðherra, Bjarni
Benediktsson, þakkar boð forseta
Íslands til hádegisverðar að Bessa-
stöðum, þriðjudaginn 31. ágúst n.k.,
sem hann þyggur með þökkum.

Reykjavík, 1. sept. 1954

Menntamálaráðherra,

Bjarni Benediktsson, þakkar
stjórn MÍR þann heiður að vera
viðstaddur tónleika Sovétlista-
manna í Þjóðleikhúsinu miðviku-
daginn 1. sept., en tekur fram,
að hann getur eigi þegið boðið.

Reykjavík, 3. sept. 1954

Menntamálaráðherra,

Bjarni Benediktsson, þakkar þann
heiður að vera viðstaddur tónleika
sovétlistamanna á ráðstefnu MÍR ,
föstud. 3. sept., en þykir leitt,
að hann getur því miður eigi þeg-
ið boðið.

Reykjavík, 5. sept. 1954

Menntamálaráðherra,

Bjarni Benediktsson, þakkar
stjórn MÍR þann heiður að vera
viðstaddur ballettsýningu sovézkra
listdansara í Þjóðleikhúsinu,
þriðjudaginn 7. sept. 1954 kl. 21,
en getur því miður eigið þegið
boðið.

Reykjavík, 21. sept. 1954

Menntamálaráðherra, Bjarni
Benediktsson, þakkar Ríkisútverpinu
boð þess á tónleika í Dómkirkjunni,
þriðjudaginn 21. sept., en tekur fram,
að hann getur því miður eigi þegið
boðið.

Reykjavík, 23. sept. 1954

Menntamálaráðherra,
Bjarni Benediktsson, og kona hans
þakka boð Iðnskólans í Reykjavík
til samsætis, sem haldið verður í
tilefni af 50 ára afmæli skólans,
sem þeim er ónægja að þiggja.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

AP
pb.


Reykjavík, 17. sept. 1954.

Frú
Engilrós Ólafsdóttir,
Litluvöllum, Bárðardal,
Þingeyjarsýslu.

Mér hefur borist bréf yðar, virðulega frú, dags. 11. sept.
s.l. og þakka ég yður það kærlega.

Mér þykir leitt að skýra yður frá því, að bréfið barst of
seint því búið var að afgreiða viðkomandi mál. Ella hefði verið sjálfsagt
að athuga málavexti nánar, með tilliti til áhlits yðar á þeim.

Með bestu kveðju,



Reykjavík, 7. október 1954

Menntamálaráðherra,

Bjarni Benediktsson, þakkar vinsamlegt boð á söngskemmtun fr.

Hönnu Bjarnadóttur fimmtudaginn

7. október, en tekur fram, að

hann getur því miður eigi þegið

boðið.

Reykjavík, 21. október '54

Menntamálaráðherra,

Bjarni Benediktsson, þakkar boð
rektors Háskóla Íslands til há-
skólahátíðar, er fram fer í há-
skólanum laugardaginn 23. okt.,
sem honum er ánægja að þiggja.

Reykjavík, 24. október 1954

Dómsmálaráðherra, Bjarni

Benediktsson, þakkar boð forseta Ís-
lands til móttöku að Bessastöðum,
þriðjudaginn 26. okt., sem hann þiggur.

Reykjavík, 17. des. 1954.

Dóms- og menntamálaráðherra,
Bjarni Benediktsson, og kona hans,
þakka Þjóðleikhúsinu boð þess til
sýningar á óperunum Bajazzo eftir
Leoncavallo og Cavalleria Rusticana
eftir Mascagni, sunnudaginn 26. des.,
en tekur fram, að hann getur því
miður eigi þegið boðið.

Fínkunnar Björn

Reykjavík, 17. des. 1954.

Kæri Bjarni M. Gíslason.

Ég þakka yður vinsamleg bréf, nú síðast dags. 7.12., svo og fögur ummæli um föður minn. Ég bið afsökunar á því, að ég hefi ekki skrifað yður fyrr, en hvort tveggja er, að ég er latur við bréfaskriftir, og að í ærnu hefur verið að snúast að undanfögnu. Mér þótti leitt, að dráttur skyldi verða á peningasendingu yðar, og var það ekki menntamálaráðuneytinu að kenna, heldur öðrum. Skál það ekki rakið frekar, enda rättist fljótlega úr því, sem betur fór.

Það, sem mestu máli skiptir nú, er, hvern styrk þér hljótið héðan í framtíðinni. Þess skal þegar getið, að ríkisstjórninni þótti ekki hagkvæmt, að taka styrkveitingu til yðar inn á fjárlög. Ástæðurnar til þess voru annars vegar, að með því hefði skapast ósamræmi gegn öðrum íslenskum rithöfundum, og hins vegar, að okkur sýndist yður og málefnum líttill greiði gerður með því, að Danir gætu bent á, að við launuðum yður til að halda fram okkar málstað. Út á við er styrkur, að starfi yðar komi fram sem sjálfboðavinna, og vona ég, að þér miskiljið okkur ekki um það. Aðalatriðið er, að öruggt er, að það mun standa af okkar hálfu, sem við töluðum saman í haust um styrkveitingu af okkar hálfu.

Nú skilst mér að vísu á bréfum yðar til mín og annarra, að þér að athuguðu máli teljið, að um helzt

til lágar upphæðir hafi verið rætt. Auðvitað eru því takmörk sett, hvað við treystum okkur til að gera, einkum þar sem við höldum þessu öllu utan fjárlaga, eins og þegar hefur verið sagt, en þó mun það verða athugað frekar, hvað við getum gert. En til þess, að enginn misskilningur eigi sér stað, er nauðsynlegt, að þér gerið okkur í fullri hreinskilni grein fyrir, hvers þér raunverulega óskið, og við athugum síðan, hvað við teljum okkur fært að gera.

Ég lát þetta nægja að sinni og óska yður og fjölskyldu yðar gleðilegra jóla og alls góðs í framtíðinni.

Með vinsemi og virðingu.

By. Ben.
(Sigr.)

SENDIRÁÐ ÍSLANDS

OSLO 24. maí 1954.

Db.

Er þetta ísl. eða
norskar krönn?

Sendiráðið leyfir sér hér með að
senda yður, herra ráðherra, afrit af viðskipta-
mannareikningi yðar pr. 1. janúar 1954.

Með sérstakri virðingu,

Magnús Vignir segir
þetta hljóta vera norskar
krönn. Getur þú ekki staðfest
það ^{í innviðum} þess er reikningsbil
berast frá sendiráðinu, sem
þann bjóst við að vera í
næstu viku. Hann hóf að
láta vita.

F. h. s.

W. S. S.

J.P.

Hr. dómsmálaráðherra

Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

| | | | Debet | | Kredit | | Saldo | |
|-------|-----|--------------------------------|-------|--|--------|-------|-------|--|
| 12/3 | 152 | Pr: Fumbergas | | | | 46.20 | | |
| 4/9 | - | An: Fri Asta fjörsdettis, útt. | 300.- | | | | | |
| " | " | Pr: " " " , endurgreitt | | | | 99.80 | | |
| 3i/12 | - | Pr: missemur | | | | 154.- | | |
| | | Samt. n. n. n. | 300.- | | | 300.- | | |
| 1/i | 154 | An: Skuld | 154.- | | | | | |

Vidskun. reikn.

Skuldir er norskan krömm.

Saldo = 154 u. Kr. á 228.50

= 1st. Kr. 351.88

J.P.

Atk. hvort
næsti að borgar
heiinn er sta
setja þarf um
gjaldsrisleysti
og gera það þá.

Brobber

Menntamála-
ráðuneytið